



HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneytið
b.t. Óttars Proppé, heilbrigðisráðherra
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
101 Reykjavík

Hafnarfjörður 17. janúar 2017

Efni: Ósk um fjölgun hjúkrunarrýma við Sólvang

Í maí 2010 var undirritaður samningur milli félags- og tryggingarmálaráðuneytis og Hafnarfjarðarkaupstaðar um byggingu og þáttöku í leigu hjúkrunarheimilis. Óskað var eftir endurskoðun á samningnum árið 2016 og nýr samningur undirritaður þann 27. október 2016. Framkvæmdir við byggingu heimilisins eru að hefjast en heimilið mun rísa á Sólvangsreit og tengjast byggingu Sólvangs. Um er að ræða 60 rýma hjúkrunarheimili. Íbúar sem nú búa á hjúkrunarheimilinu Sólvangi munu því flytja á nýja heimilið en áætlað er að það verði risið um mitt ár 2018. Á Sólvangi eru 59 hjúkrunarrými, þar af 4 hvíldarinnagnarrými. Einungis verður því fjölgun um eitt rými þegar nýtt hjúkrunarheimili tekur til starfa.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ítrekað óskað eftir viðræðum um fjölgun rýma og lagt fram hugmyndir um nýtingu Sólvangshússins þegar nýtt heimili hefur hafið störf. Hægt væri að koma þar fyrir 20 hjúkrunarrýmum til viðbótar við þau 60 sem verða í nýja húsnæðinu. Þannig að samtals yrði um að ræða hjúkrunarheimili með 80 hjúkrunarrýmum. Ljóst er að mikil þörf er á fjölgun hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu og eykst sú þörf umtalsvert á komandi árum. Hugmyndir hafa komið fram um nýtingu Sólvangs í þágu eldri borgara í sveitarféluginu auk þess að reka þar hjúkrunarheimili. Hluti hússins myndi nýtast undir 20 hjúkrunarrými, sbr. hér að framan. Auk þess er lögð áhersla á að Sólvangur verði miðstöð fyrir ýmsa þjónustu við eldri borgara. Dagkvöld aldraðra er starfandi á neðstu hæð hússins og er gert ráð fyrir þeirri starfsemi áfram. Auk þess myndi húsið henta vel fyrir félagsstarf eldri borgara, aðsetur heimapjónustu, dagþjálfun fyrir heilabilaða, sjúkraþjálfun, mótneyti, o.fl. Staðsetning heilsugæslunnar á Sólvangi styður enn frekar við þessar hugmyndir.

Mikilvægt er að teknar verði ákvarðanir sem fyrst um framtíðarnotkun húsnæðisins þannig að hægt verði að hefja nú þegar endurhönnun á húsnæðinu svo framkvæmdir geti hafist um leið og nýja húsnæðið verður tekið í notkun.

Með vísan til framanritaðs er óskað eftir að heilbrigðisráðuneytið samþykki fjölgun hjúkrunarrýma um 20 við Sólvang þannig að þau verði samtals 80. Ljóst er að með því að breyta núverandi húsnæði mun byggingarkostnaður verða lægri fyrir ríkissjóð samanborið við að byggja nýtt hús frá grunni. Jafnframt mun rekstrarkostnaður á hvert hjúkrunarrými lækka með því að fjölgja rýmum úr 60 í 80.

Virðingarfyllst

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri